

**Nd.**

**158. Frumvarp**

til laga um heyforðabúr og lýsisforðabúr.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogli.

1. gr.

Til varnar skepnufelli af tóðurskortí skal stofna forðabúr handa kvikfjendaði í hverri sveit á landinu. Fóðurforði skal vera hey og lýsi.

Forðabúr þessi skal stofna sem hjér segir í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Hverjum eiganda ganganda fjár skal skylt að láta hvert sumar einn hest (= 100 tvíþund) þurrabands af góðu heyi í forðabúr á hverjar 20 sauðkindur og geitkindur, sem hann hefir talið fram á síðustu vorhreppaskilum, og einn hest á hvern fullorðinn nautgrip og enn einn á hver fjögur hross. Skal koma í forðabúr þess hrepps, sem hann á fjenaðinn i. Heimilt skal forðagæslunefnd að krefjast þess, að fimti hver kapall sje taða.

3. gr.

Hver eigandi ganganda fjár skal enn greiða 5 aura í peningum á hverjar 10 sauðkindur og geitkindur, og sama á hvern nautgrip og enn hið sama á hver 4 hross. Fje þetta skal greiða forðagæslunefnd til lýsiskaupa fyrir forðabúrið. Skulu koma 200 pottar af lýsi á hverja 300 hesta af heyi, ef auðið verður. Lýsið skal geyma á sömu stöðum sem heyið.

4. gr.

Auka skal birgðir forðabúrsins með árlegum tillögum, þar til er saman eru komnir þrír tygir kapla af heyi á hverjar 20 sauðkindur eða geitkindur, og jafnmikið fyrir hvern nautgrip og enn jafnmikið á hver 4 hross í sveitinni. Lýsið skal og auka að sama skapi eftir hlutfalli því, er getur í 3. gr.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu aldrei vera færri í hreppi en tveir, en rjett er að þeir sjeu fleiri, ef sveitarstjórn telur nauðsyn á. Sýslumenn eða bæjarfógetar skipa þá, eftir tillögum sveitarstjórnar, um óákveðinn tíma, eigi skemur þó en til 10 ára. Þeir kallast forðagæslunefnd.

6. gr.

Forðagæslunefnd skal hafa stjórn forðabúrsins á hendi, krefja um hey og peninga, kaupa lýsið, sjá um að vel sje geymt hey og lýsi, vega út hey og mæla lýsi þeim, er leita þurfa forðabúrsins, og annast skuldakröfur þess og innheimtu og endurnýjun o. fl.

7. gr.

Sveitarstjórn skal koma á fóðurforðabúri á einum eða tveim hentugum stöðum í sveitinni hjá góðum heyjabændum á góðum heyskaparjörðum. Skal mönnum skylt að taka við forðabúrinu, en gjalda skal sveitarsjóður átroðning, tilkostnað og fyrirhöfn eftir mati óvilhallra manna. Varðveitendur forðabúrs yngja upp heyfyrningar þess á hverju ári, ef um semur, en aðrir sveitarmenn að þeim frágengnum. Fáist enginn til, er skepnueigöndum skylt að yngja heyið upp að rjettri tiltölu við fjármergð.

8. gr.

Nú kemst maður i heyprot, og skal hann þá fá fóður úr forðabúrinu, meðan til vinst. Skal hann gjalda nýtt hey fyrir, næsta sumar, tvo kapla fyrir einn. Lýsi skal hann fá við því verði, er sveitarstjórn telur skaðlaust að selja fyrir.

Nú verður fóðurskortur almennur sakir harðinda, og skal þá hver maður, hjálpar þurfi, fá forða úr forðabúrinu að rjettri tiltölu við fjármergð.

9. gr.

Reisa skal á kostnað sveitarsjóðs nægilega margar og hæfilega stórar hlöður til þess að geyma heyið og lýsið i.

Landssjóður leggur fram þriðjung kostnaðar; annan þriðjung fær sveitin að láni úr bjargráðasjóði Íslands gegn þeirri trygging, er landsstjórnin krefst, og 5% i ársvöxtu og endurgreiðslu höfuðstóls á 5 árum. Hlöður þessar skal reisa næsta sumar eftir það er lög þessi ganga i gildi.

10. gr.

Forðagæslunefndum skal greiða ómakslaun úr sveitarsjóði, eftir sundurliðuðum reikningi fyrir hvert ár, nema öðru vísi sje um samið.

11. gr.

Nú þrjóskastr maður við forðagæslunefnd eða vill eigi láta fram eða gjalda sem honum er skylt eftir lögum þessum, og skal hann þá útlægur 50—200 kr.

12. gr.

Um brot gegn lögum þessum fer sem um lögreglubrot.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1918.

Á s t æ ð u r .

Aldrei hefir verið jafnrik þörf sem nú að vekja menn til umhugsunar og framkvæmda i þessu efni, því að horfellishættan er margföld nú, meðan ófriðurinn stendur.